

# Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

haldinn í Þingborg í Flóahreppi miðvikudaginn 23. október 2018 kl. 13:00

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kr. Pálmarsson, Árni Eiríksson, Eydís Indriðadóttir, Helgi Kjartansson, Gestur Þór Kristjánsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

## Dagskrá aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar um starfsárið 2018
2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs
3. Fjárhagsáætlun 2020
4. Lagabreytingar
5. Ráðning löggilts endurskoðanda
6. Önnur mál.

### 1. Skýrsla um starfsemi starfsárið 2018.

Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu fór yfir skýrslu liðins starfsárs. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og tengt efni.

### 2. Ársreikningur 2018

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings fyrir árið 2018. Reikningurinn lagður fram til kynningar.

### 3. Fjárhagsáætlun ársins 2020

Fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2020 lögð fram til staðfestingar. Varðandi launaliðinn eru samningar lausir og því erfitt að áætla hversu mikla aukningu þarf á þann lið. Það má því gera ráð fyrir að það þurfi að taka áætlunina upp þegar liður á árið og niðurstöður samninga liggja fyrir.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt eins og hún var lögð fram.

### 4. Lagabreytingar

Engar tillögur hafa borist um lagabreytingar. Aðalfundur samþykkir að fela stjórn að skoða hvort gera þurfi breytingar á samþykktum og leggja það fyrir á næsta aðalfundi.

### 5. Ráðning löggilts endurskoðanda

Jóhann Harðarsson hjá Deloitte hefur séð um endurskoðun reikninga og er gerð tillaga um að hann geri það áfram. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 6. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:55

*Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari*